

Mánudaginn 8. marz 1948.

Nr. 115/1947. Réttvísín og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Sigurbirni Eyjólfsyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði varð með stórkostlegu gáleysi valdur að dauða drengsins Gunnars Reynis Kristinssonar, og varðar brot ákærða við refsíákvæði þau, er í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði. Þá er rétt að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Sigurbjörn Eyjólfsson sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1947.

Ár 1947, laugardaginn 23. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3114/1947: Réttvísín og valdstjórnin gegn Sigurbirni Eyjólfsyni, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað

gegn Sigurbirni Eyjólfssyni útgerðarmanni, Túngötu 15 í Keflavík, til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. september 1896 að Kirkjubóli á Miðnesi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1918 $2\frac{1}{10}$ Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktar-brot.
- 1920 $2\frac{3}{4}$ Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir sams konar brot.
- 1922 $1\frac{7}{8}$ Sátt í Hafnarfirði, 50 kr. sekt fyrir brot gegn sóttvarnar-lögum.
- 1923 $1\frac{1}{8}$ Sátt í Reykjavík, 80 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $1\frac{1}{8}$ Sektaður á Siglufirði (líklega dómur) 5500 kr. sekt fyrir brot gegn lögum um dragnótaveiðar.
- 1939 $\frac{1}{2}$ Sátt í Keflavík, 25 kr. sekt fyrir brot gegn fiskveiða-samþykkt Keflavíkur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Mánudaginn 19. maí s. l. um klukkan 17 ók ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, bifreið sinni G 953 austur Skúlagötu. Í framsæti bifreiðarinnar, við hægri hlið hans, sat Albert Bjarnason útgerðarmaður, Túngötu 21 í Keflavík, en stýrið er vinstra megin í bifreiðinni, og voru ekki aðrir í henni. Við gatnamót Vatnastígs og Skúlagötu varð þriggja ára gamall drengur, Gunnar Reynir Kristinsson, Lindargötu 62, fyrir bifreiðinni og beið þegar bana af. Nokkru eftir að slysið varð, komu rannsóknarlögreglumennirnir Lárus Axel Helgason, Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri, auk lögregluþjóna frá götulög-reglunni. Lárus Axel gerði uppdrátt af slysstaðnum, rskj. nr. 3, og sést þar, að bifreiðin hefur staðið rúman meter frá nyrðri gangstéttarbrún eftir að hún var stöðvuð, þegar slysið varð. Einnig tók hann myndir þar af slysstaðnum, sem lagðar hafa verið fram. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Hjörleifur Jónsson, Lindargötu 11, og Haukur Hrómundsson, Túngötu 18, skoðuðu bifreiðina G 953 sama daginn og slysið varð. Hafa þeir gefið vottorð þess efnis og borið það hér fyrir réttinum, að hún hafi að öllu leyti verið í góðu lagi, bæði fót- og handhemlar hafi virkað jafnt og vel. Brestur var í framrúðu bifreiðarinnar fyrir framan sæti ökumanns, en glerið er óbrjótanlegt og kveða þeir hana engin áhrif hafa haft á útsýni úr bifreiðinni, og óbrjótanlegt gler ófáanlegt, og því hafi þetta verið látið óátalið. Á slysstaðnum var vegurinn góður, en lítið eitt rakur, enda munu hafa verið smá rigningarskúrir þenna dag.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið vel vinstra megin austur Skúlagötu, mjög hægt, eða á um 15 km hraða miðað við klukkustund. Ekki kveðst hann þó hafa lítið á hraðamæli bif-

reiðar sinnar, en kveður einhvern mann, sem ók rétt á eftir sér, hafa sagt sér, að hann hefði ekið á þessum hraða, enda aki hann alltaf hægt og gætilega, sérstaklega hér í bænum. Hann kveðst ekki hafa séð drenginn né önnur börn fyrr en hann kom skyndilega auga á hann rétt fyrir framan bifreiðina aðeins til hægri við miðju vélarhússins (hooddsins). Kveðst hann þá hafa hemlað strax, og bifreiðin stansað þegar í stað. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við, að drengurinn yrði undir hjólum bifreiðarinnar, en hann varð var við að bifreiðin skall á drenginn. Þegar hann kom út úr bifreiðinni, lá drengurinn undir henni, og rétt fyrir aftan vinstra framhjól hennar, og var þegar örendur, eins og áður greinir. Ákærði segir mikla umferð hafa verið um Skúlagötu, þegar slysið varð, en hvort hann hafi þá verið að mæta bifreið eða rétt lokið við það, hefur hann ekki getað gert sér grein fyrir. Hann getur heldur ekki gert sér grein fyrir því, hvort drengurinn hafi verið á hlaupum, er hann kom auga á hann, en telur þó líkindi til þess. Ákærði kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá umferðinni og hann hafi ekki átt í samræðum við farþega sinn. Kveðst hann hafa séð stutt hemlaför eftir afturhjól bifreiðarinnar um eitt til tvö fet á lengd, en ekki aðgætti hann, hvort hemlaför hefðu sézt eftir framhjól hennar. Hið sama hefur vitnið Albert Bjarnason borið, hvað hemlaför snertir. Kveður það bifreiðinni G 953 hafa verið ekið þráðbeint vinstra megin eftir akbrautinni austur Skúlagötu á um 15 til 20 km hraða miðað við klukkustund, er slysið varð. Segir vitnið ákærða vera mjög gætinn bifreiðarstjóra, og það hafi oft ekið með honum. Það veit ekki til þess, að nokkuð hafi dregið athygli hans frá akstrinum, og segir þá ekki hafa verið í samræðum, er slysið varð. Ekki veit vitnið, hvernig slysið atvikaðist, og sá ekki barnið fyrr en slysið var orðið, en það fann eitthvað koma einhvers staðar við bifreiðina um leið og hún var hemluð, og segir, að hún hafi stöðvazt mjög snögg. Ekki hefur vitnið getað gert sér grein fyrir, hvort mikil umferð hafi verið í námunda við slyssaðinn, og eigi kveður það bifreiðar hafa staðið þar nærri.

Vitnið Michael Sigfinnsson bifreiðarstjóri, Stórholti 45, skýrir svo frá, að það hafi ekið bifreið sinni austur Skúlagötu á eftir bifreiðinni G 953, þegar slysið varð, en þó hafi verið ein bifreið á milli bifreiðar þess og bifreiðarinnar G 953, en ekki hefur tekizt að hafa upp á, hver ók þeirri bifreið eða hvert númer hennar er. Kveðst vitnið hafa haft bifreið sína í öðru ganghraðastigi, enda hafi bifreiðinni G 953 verið ekið hægt, varla yfir 15 km hraða miðað við klukkustund, jafnt og þráðbeint eftir akbrautinni. Ekki sá vitnið til ferða nokkurra barna yfir Skúlagötu í þá mund, er slysið varð. Það sá ekki hvernig barnið varð fyrir bifreiðinni, og teppi hafði verið breitt yfir það, er vitnið kom að slyssaðnum. Það segist hafa séð stutt hemlaför eftir öll hjól bifreiðarinnar G 953, varla yfir hálfan meter á lengd.

Vitnið Sigurður Bárðarson bifreiðarstjóri, Lindargötu 40, sem statt var í dyrum, er snúa að Skúlagötu, í undirgangi Kveldúlfshússins, skýrir svo frá, að ákærði hafi ekið þráðbeint austur eftir Skúlagötu, vel vinstra megin eftir akbrautinni, hægt, eftir því sem venjulega er ekið þarna, en nánar treystir það sér ekki til að ákveða hraðann. Kveður það nokkur börn hafa komið hlaupandi, litlu áður en slysið varð, af Vatnsstignum, norður yfir Skúlagötu, og niður á Kveldúlfsbryggju. Tveir litlir drengir hafi verið lítið eitt á eftir börnunum, og munu þeir hafa verið á miðri Skúlagötu, er hin börnin voru komin yfir hana. Þeir hafi hlaupið þráðbeint og rakleitt yfir götuna, og ekki virzt taka eftir bifreiðinni G 953, en engin önnur umferð hafi verið á götunni, og engar bifreiðar staðið í námunda við slysstaðinn. Kveður það annan drenginn, sem minni var, hafa verið lítið á eftir hinum. Gizkar það á, að minni drengurinn, sem fyrir slysinu varð, hafi verið tvo metra frá gangstéttarbrún, er framvari bifreiðarinnar, vinstra megin, rakst á hann. Segir það hann hafa fallið í götuna og vinstra framhjól bifreiðarinnar farið yfir hann. Kveðst það hafa heyrt greinilegan skell, er bifreiðin lenti á drengnum, en hann muni ekkert hafa kastast frá henni, heldur fallið undir hana og dregist með henni, enda hafi bifreiðarstjórinn ekki virzt taka eftir neinu fyrr en barnið lenti á framvaranum, því að þá fyrst hafi verið dregið úr hraða bifreiðarinnar og hún hemluð. Fór vitnið strax að bifreiðinni, og segir drenginn þá hafa legið rétt aftan við vinstra framhjól hennar, og því hafi þegar verið ljóst, að hann mundi hafa dáið samstundis, því að höfuðið hafi sjáanlega verið mikið brotið, enda var blóð og heilaslettur bæði á götunni og vinstra framhjól bifreiðarinnar, sbr. myndir þær, sem lagðar hafa verið fram í máli þessu. Vitnið og Gunnar Danielsson verkamaður, Brúarenda við Þormóðsstaði, tóku líkið undan bifreiðinni, en ekki sá hann, hvernig slysið varð, og breiddu þeir yfir það teppi, og síðan var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt hvað komið hefði fyrir. Kveðst vitnið hafa séð hemlafar eftir hægra afturhjól bifreiðarinnar, og hafi það verið nokkuð langt, en ekki hefur það treyst sér til að ákveða lengd þess nánar. Ekki kveðst Gunnar Danielsson hafa séð nokkur hemlaför á slysstaðnum, enda hafi hann farið strax til að kalla á lögregluaðstoð.

Lögregluþjónarnir Ingólfur Sveinsson og Lárus Axel Helgason segjast engin hemlaför hafa séð á slysstaðnum. Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri rannsóknarlögreglunnar kveður engin hemlaför hafa sézt á slysstaðnum, en þó hafi eins og mátt greina á hjólförum bifreiðarinnar, að henni hafi verið hemlað að einhverju leyti, þó ekki svo, að hemlar hafi haldið nokkru hjólinu föstu, er hún stöðvaðist. Kristmundur Jóhann Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður kveðst engin hemlaför hafa séð á slysstaðn-

um, en förin eftir bifreiðina hafi virzt bera það með sér, að eitthvað hafi verið þyngt á hjólum hennar.

Í ályktun krufningarskýrslu Þórarins Sveinssonar læknis segir, að við líkskoðun hafi komið í ljós, að höfuðbein, sérstaklega kinnbein og andlitsbein, séu mjög brotin, auk þess sem kúpubotn og höfuðbein hafi meira og minna brotnað líka, og heilinn allur tættur í sundur af þessum beinstrjúg. Sé því útlit fyrir að mikill þungi hafi komið yfir neðri hluta andlits og sprengt kúpubotninn með þessum afleiðingum. Auk þess sjáist upphandleggsbrot á hægri handlegg og viðbeinsbrot sömu megin. Ljóst sé af þessum áverkum, að barnið hafi látizt samstundis.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, er upplýst, að barn það, er fyrir slysinu varð, hafi komið frá Vatnsstíg og farið norður yfir Skúlagötu, og þá orðið undir vinstra framhjólí bifreiðarinnar G 953, sem ákærði ók, án þess að hann hafi orðið var við barnið fyrr en það var rétt fyrir framan bifreið hans, enda þótt hann hafi ekið mjög hægt eða á um 15 til 20 km hraða miðað við klukkustund. Þykir ákærði með aðgæzluskorti vera samvaldur að dauðaslysi barnsins, þar eð hann sýndi ekki þá athygli og varkárni, sem krefjast verður af bifreiðastjórum, sem aka hér um bæinn, þar sem alltaf má búast við börnum á ferli.

Með framangreindu hátterni hefur ákærði gerzt brotlegur við 215 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, og 2. gr. sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Sigurbjörn Eyjólfsson sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur bifreiðarstjóra-réttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.